

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Neytendastofa að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum verður sem hér segir frá og með 1. janúar 2011 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

bifreiðabensín	0,40 kr. á lítra
gasolía	0,82 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,01 kr. á kg
flugvélabensín	0,25 kr. á lítra
flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,08 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingar- aðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 461/2010.

Neytendastofu, 16. desember 2010.

Tryggvi Axelsson forstjóri.

Gunnar G. Þorsteinsson,
formaður stjórnar flutnings-
jöfnunarsjóðs olíuvara.